

Akureyri, 8. maí 2019

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024.

Málefnasvið 8: Sveitarfélög og byggðamál

Stjórn Eyþings tekur undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, frá 15. mars 2019, vegna áforma um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt úttekt sambandsins er tekjutap sveitarfélaga á Norðurlandi eystra vegna áformanna áætlað samtals 457 m.kr.

Stjórn Eyþings lýsir yfir vonbrigðum með að ríkið hafi ekki tekið upp viðræður um Jöfnunarsjóð í samræmi við ályktun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í mars. Stjórnin mótmælir þessum vinnubrögðum sem og áformum.

Stjórn Eyþings telur mikilvægt að tryggja sóknaráætlunum aukið fjármagn. Hægt er að færa fleiri verkefni undir sóknaráætlun og gera hana þannig að enn öflugra stjórnþæki sem tryggir valddreifingu. Stjórnin telur mikilvægt að tryggja verkefnum stefnumótandi byggðaáætlunar skilgreint fjármagn og færa þannig vald og ákvarðanir í nærsamfélagið.

Málefnasvið 9: Almanna- og réttaröryggi

Stjórn Eyþings leggur áherslu á að almenn löggæsla í umdæminu verði styrkt alveg frá Siglufirði að Þórshöfn. Stjórnin telur að tímabundin fjárframlög sem lögregluembættið fékk fyrir árið 2019 vegna landamæragæslu, ferðamanna og hálendisefirlits verði gerð varanleg.

Stjórn telur mikilvægt að halda áfram að styrkja almenna löggæslu á Norðurlandi eystra í eftirfarandi forgangsörðun:

- Stjórn telur að fjölga þurfi stöðugildum á Akureyri, í almennri löggæslu, um átta þannig að sjö lögreglumenn verði á hverri almennri vakt. Með því verður tryggt að fleira skólagengið fólk gangi vaktir og búi yfir nægum liðsstyrk til að taka á alvarlegum málum, s.s. fikniefnamálum, líkamsárásum og ef til vopnamála kæmi þá væri möguleiki á að bregðast við af meira öryggi. Aðeins einn sersveitarmaður er staðsettur á Akureyri en þeir voru upphaflega fjórir. Stjórn telur því að raunstyrking hafi ekki orðið í löggæslu á Akureyri.

- Stjórn telur að stækka þurfi húsnæði lögreglustöðvarinnar á Akureyri. Húsnæðið, sem var byggt árið 1967, er of lítið fyrir embættið og uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar í dag. Í febrúar 2016 óskaði lögregluembættið eftir stækkun og hefur málið verið í vinnslu síðan þá en málið vantar brautargengi. Tryggja þarf fjármagn í aðstöðu lögreglunnar á Akureyri.
- Stjórn telur að eitt stöðugildi þurfi fyrir fasta stöðu þjálfara. Lögreglumenn á svæðinu hafa farið suður í þjálfun og hefur embættið einnig reynt að sinna þjálfun heima fyrir en þá með lögreglumönnum sem jafnframt sinna 100% vaktavinnu. Sú vinnutilhögun hefur ekki gefist vel enda þeir útkallsskyldir og erfitt að ná fullnægjandi þjálfunarmarkmiðum með því móti.
- Stjórn telur að fjölga eigi um þrjú stöðugildi á Húsavík til að sinna eftirliti í umdæminu.
- Stjórn telur að huga verði að fjölgun lögreglumanna á Tröllaskaga þannig að þeir verði ekki einir á vakt.
- Stjórn telur að bæta ætti við stöðu forvarnarfulltrúa bætt við embættið líkt og áður var.
- Stjórn telur að fjármagn þurfi til að fjölga útkallsbílum á Akureyri um einn en í dag eru þeir einungis tveir.
- Stjórn telur að auka þurfi fjármagn til löggæslumála í Mývatnssveit sér í lagi yfir sumartímamann vegna aukins ferðamannafjölda.

Hér er um forgangsverkefni að ræða til eflingar lögregluembættisins.

Málefna svið 10: Réttindi einstaklinga

Stjórn Eyþings vekur athygli á álitum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 29. apríl 2019 þar sem fjallað er um stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá 1. apríl 2019 vegna sameiningar sýslumannsembættanna árið 2015, en einnig sérstakar ábendingar nefndarinnar.

Meginniðurstöður þingnefndarinnar eru:

- Alvarlegar athugasemdir gerðar við undirbúning breytinganna ekki sist fjárhags- og rekstrargrundvöll. Fjárhagsgrunnur nýju embættanna hefur aldrei verið leiðréttur í raun.
- Alvarlegar athugasemdir gerðar við framkvæmd stjórnslubreytinganna.
- Staðfest að markmið breytinganna hafa ekki náðst; hvorki meginmarkmið laganna um eflingu embættanna (faglega, þjónustulega eða rekstrarlega) né markmið um „öflugri stjórnslumiðstöðvar ríkisins í héraði.“
- Áréttað að „fjármögnun embættanna þarf að standa undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna“.
- Áréttað að þrátt fyrir tækifæri vegna rafrænnar þjónustu og miðlægrar vinnslu mála þá „krefjast mörg verkefnanna ávallt nálægðar við borgarana“.

Að mati stjórnar Eyþings er nauðsynlegt að taka mið af nýjum upplýsingum og afstöðu Ríkisendurskoðunar og þingnefndar um alvarlega fjárhagsstöðu sýslumannsembættanna sem þarf að bregðast við með auknum fjárframlögum. Embættin sitja auk reglulegs halla uppi með hallarekstur fyrri ára og neikvæðan stofnefnahag sem er nýjum embættum óviðkomandi.

Fyrir liggur að embættin kljást daglega við afleiðingar erfiðra rekstrarskilyrða frá árinu 2015, þ.e. fækkun starfsfólks og lakari þjónustu. Sums staðar er beitt flatrí lækkun launa/stöðugilda en annars staðar styttri opnunartíma, lakari þjónustu, fækkun starfsfólks, lengri töku við málsmeðferð o.s.frv. Dæmi eru um að opnunartími útibúa hafi fækkað úr fimm í einn dag í viku. Þá hefur ástandið versnað til muna frá sameiningu.

Í fjármálaáætlunardrögum segir að embættin standi frammi fyrir djúpstæðum vanda. Í því sambandi er gerð grein fyrir „framτίðarsýn í málefnum sýslumanna“ sem kynnt var sýslumönnum haustið 2018. Þar var lýst:

- Áformum um innleiðingu rafræna þinglýsinga. Vert er að athuga að það verkefni telst aðeins vera um eða innan við 10% af verkefnum sýslumanna.
- Áformum um greiningu á rekstri embættanna og hins vegar þeim verkefnum sem flytja má til embættanna. Þrátt fyrir áform um eflingu embættanna og könnun verkefnaflutninga til embættanna liggur ekkert fyrir annað en reynsla liðinna ára um tregðu annarra fagráðuneyta um að flytja til verkefni. Góð reynsla er af um 30 sérverkefnum (smáum sem stórum) en nær engin ný verkefni hafa bæst við frá sameiningu.
- Hugmyndum um frekara samstarf embættanna og aukinni samvinnu.

Telur stjórn Eyþings að um sé að ræða óvissu um starfsgrundvöll embættanna sem ekki verður unað við. Eðlilegra væri að fjármagna embættin sem fyrir eru á grundvelli núverandi útgjaldaþarfar við fjárlagagerð 2020 (ath. nær öll embættin skiluðu 2018 neikvæðum rekstri fjórða árið í röð) en aðlaga útgjöld að breyttri starfsemi (ef af verður) þegar við á. Sú óvissa sem umlykur ráðagerðir fjárveitingavaldsins er of mikil til að réttlæta áframhaldandi ástand.

Málefnasvið 11: Samgöngu- og fjarskiptamál

Almenningssamgöngur

Fyrir liggur að samningur Eyþings og Vegagerðarinnar um almenningssamgöngur á Norðurlandi eystra rennur út 31. desember 2019. Á fundi stjórnar Eyþings þann 9. apríl 2019 var eftirfarandi ályktað og bókað:

„Stjórn telur eðlilegt að ríkið reki grunnkerfi almenningssamgangna þar sem leiðarkerfið þurfi að vera heildstætt og skilvirkt bæði innan og milli landshluta. Stjórn telur eðlilegt að ríkið taki við því verkefni 1. janúar árið 2020 þegar núverandi samningur við Eyþing rennur út. Stjórn Eyþings skorast þó ekki undan ábyrgð við aðkomu að mótun leiðarkerfis í samráði við sveitarfélögin og felur formanni að taka þátt í samtali um framtíð almenningssamgangna.“

Eyþing framlengdi með semingi áframhaldandi rekstur almenningssamgangna á Norðurlandi eystra árið 2019 og var það ekki síst gert í því augnamiði að ekki yrði rof á þjónustu við almenning. Stjórn Eyþings hefur áhyggjur af því að nú í maí sé ekki komin niðurstaða í hvernig þessu á að vera háttáð á næsta ári, þ.e.a.s. hvort að Vegagerðin taki yfir verkefnið eða hvort að horfa eigi til stofnunar nýs félags um almenningssamgöngur.

Stjórn Eyþings telur skýrsluna *Ferðumst saman* mjög jákvæða en nauðsynlegt er að sjálfsögðu að fjármagna verkefnið. Samgöngumiðstöð á svæðinu væri jákvætt skref. Áherslur á vistvænar almenningssamgöngur eru einnig spennandi kostur, en þess má geta að strætisvagnar Akureyrarbæjar eru keyrðir á metani.

Dettifossvegur:

Í umsögn stjórnar Eyþings um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 og samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 kom fram eftirfarandi bókun stjórnar Eyþings frá fundi 23. október 2018:

„Stjórn Eyþings fagnar áformum um uppbyggingu Dettifossvegur í samgönguáætlun en leggur áherslu á að mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar annarra samgöngumannvirkja í landshlutanum. Sérstaklega verði horft til uppbyggingu vegar um Langanesströnd og Brekknaheiði.“

Stjórn Eyþings lýsir yfir vonbrigðum með að ekki verði gert ráð fyrir vetrarþjónustu á Dettifossvegi og Kísilvegi næsta vetur vegna niðurskurðar Vegagerðarinnar.

Akureyrarflugvöllur:

Stjórn Eyþings leggur mikla áherslu á uppbyggingu Akureyrarflugvallar og hvetur ríkisstjórnina jafnframt til að huga vel að flugþróunarsjóði þar sem nú er áætlað að honum verði lokað árið 2022 miðað við fjármálaáætlunardrög.

Töluvert hefur verið fjárfest í markaðssetningu og uppbyggingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og er það ekki síst flugþróunarsjóði að þakka að árangur hefur náðst. Mikilvægt er að halda áfram með þá uppbyggingu og vera í góðu samráði um það á hvaða tímapunkti sjálfbært og samkeppnishæft flug verður komið á laggirnar. Leggist flugþróunarsjóður of snemma af gætu bæði þessir fjármunir og vinna hreinlega tapast.

Stjórn Eyþings lýsir yfir ánægju með niðurgreiðslu á innanlandsflugi enda telur stjórnin að innanlandsflug sé lestarkefni þjóðarinnar. Stjórn gerir þó athugasemdir við að ekki verði innanlandsflug til Þórhafnar né aðrar almenningssamgöngur. Þá telur stjórn Eyþings mikilvægt að samræma almenningssamgöngur um land allt, bæði strætó, flug og ferjur sem og að tryggja fjármuni í kerfið.

Málefna svið 17: Umhverfismál

Stjórn Eyþings telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög eigi í mun öflugra samstarfi er varðar stefnumótun í sorpmálum. Nauðsynlegt er að ódýrustu og einföldustu leiðirnar til sorpförgunar séu jafnframt þær umhverfisvænu. Í Eyjafirði er starfrækt Molta en því miður nýta of fá fyrirtæki sér þann kost þar sem mun ódýrara er að urða. Miklu máli skiptir að taka ákvörðun um vistvænar brennslur í landinu sem og að yfirfara úrvinnslu- og skilagiöld svo fátt eitt sé nefnt. Þá vekur stjórn Eyþings athygli á að aukið fjármagn vantar í fráveitumál þar sem þörf er á stórátaki í þeim málaflokki á landinu öllu.

Málefna svið 18: Menning, listir, íþróttir – æskulýðsmál

Stjórn Eyþings vekur athygli á því að Akureyrarbær er eina sveitarfélagið sem ber kostnað af skylduskilum útgefinna verka til bókasafna sem nemur tugum m.kr. á ári. Stjórnin telur það mjög óeðlilegt og hvetur ríkið til úrbóta.

Á fundi stjórnar Akureyrarstofu þann 2. maí 2019 var eftirfarandi ályktað og bókað:

„Stjórn Akureyrarstofu telur það óásættanlegt að ekki séu komin svör sem áttu að berast um miðjan apríl frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um það með hvaða hætti ríkið hyggst koma að kostnaði við skylduskil sem Amtsbókasafnið á Akureyri annast fyrir ríkið. Stjórn Akureyrarstofu leggur á það áherslu að fá fram skýr svör um það hvort ríkið ætli að greiða fyrir þjónustuna eða fella úr gildi kvæðir í lögum um skylduskil safna.

Ekki verður gert ráð fyrir fjármunum til að standa straum af varðveislu skylduskila í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Stjórn Akureyrarstofu óskar eftir að bæjarstjóri leiti lausna í málinu.“

Málefna svið 20: Framhaldsskólar

Stjórn Eyþings lýsir yfir óánægju með að dreginn hafi verið til baka 12% afsláttur á húsaleigu en niðurfelling afsláttarins samsvarar 13,6% hækkun á húsaleigu. Samkvæmt upplýsingum Eyþings hefur málið verið tekið upp við mennta- og menningarmálaráðuneytið og var ákveðið að afsláttur af húsaleigu yrði áfram í gildi eða skólarnir fengju fjármagn til að mæta auknum kostnaði við húsaleigu. Enn hefur

Ákvörðun um afslátt á húsaleigu ekki verið dregin til baka auk þess sem aukið fjármagn hefur ekki fengist. Þetta hefur slæm áhrif á rekstur skólanna og hefur húsnæðiskostnaður framhaldsskólans á Laugum til að mynda verið 20% af heildarrekstri og er nú 35% eftir að markaðsleigan var tekin upp 1. janúar 2019.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2019 fá allir framhaldsskólar á Norðurlandi eystra aukið fjármagn frá fyrra ári. Framhaldsskólinn á Húsavík fær minnsta hækkun eða 2,8% og Menntaskólinn á Akureyri þá mestu eða 7,2%. Vert er að taka fram að samkvæmt upplýsingum Eyþings duga boðaðar hækkanir ekki fyrir auknum fjárútlátum skólanna vegna ársins 2018, til að mynda vegna hækkunar á húsaleigu og kjarasamningsbundinna launahækkana.

Forsvarsmenn framhaldsskólanna á svæðinu vilja koma því áleiðis að þeim þykir oft óljóst hvaða fjármagnsliðir eru innifaldir í fjárlögum. Sem dæmi má nefna:

- Í ljós kom að á milli árána 2017 og 2018 jókst fjármagn til Framhaldsskólans á Laugum um sjö m.kr. en við nánari eftirgrennslan kom í ljós að fimm af sjö m.kr. voru vegna fámennra framhaldsskóla sem FL hafði fram að því fengið í sérþjórveitingu. Hækkunin á milli ára var því 2 m.kr. eða 0,8%.
- 1. janúar 2019 var tekin upp markaðsleiga. Algerlega er á huldu hvernig leigan var fundin út en á mörgum stöðum úti á landi er hún klárlega langt yfir markaðsleigu. T.a.m. er húsnæði Framhaldsskólans á Laugum leigt út yfir sumarmánudina til hótélreksturs. Húsnæðið hefur verið boðið út og leigt hæstbjóðanda. Leigan sem fæst yfir háferðamannatímamann er um áttundi partur af því sem markaðsleigan er talin vera og því er ljóst að ekki er um markaðsleigu að ræða. Í mörgum tilfellum hækkar húsaleigan talsvert (í tilfalli Framhaldsskólans á Laugum um 50 m.kr. eða rúm 70%). Aukið fjármagn til þess að mæta þessari hækkun á leigu hefur ekki fengist. Þar fyrir utan fást þau svör frá Ríkiseignum að sú stofnun fái ekki þessa hækkuðu leigu til sín (og þeir gætu þá nýtt peningana í aukið viðhald) heldur sé um að ræða færslu á peningum milli vasa í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þannig má segja að þegar talað er um að auknu fé sé varið til framhaldsskóla þá fara fjármunirnir ekki í menntun ungmenna heldur innri húsaleigu á vegum ríkisins.

Stjórnin vill koma því á framfæri að á árinu 2018 átti sú breyting sér stað að skólar skyldu að fá framlög vegna þess að ekki lengur var heimild fyrir því að skólar rukkuðu nemendur um efnisgjöld. Samkvæmt upplýsingum Eyþings hefur verið kallað eftir upplýsinum um fjárhæðir framlaganna og hefur Verkmenntaskólinn á Akureyri fengið þau svör að framlög vegna efnisgjalda séu inni í framlögum ársins. Óvissa ríkir um hvort skólar séu að fá aukið fjármagn sem þarf inn í skólafíð.

Stjórn Eyþings lýsir yfir vonbrigðum með að ársreikningi fyrir árið 2018 hafi ekki enn verið skilað og að uppgjör vegna starfsbrauta hafi verið rangt fyrir árið 2018. Sú rangfærsla er viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en leiðrétting hefur ekki enn átt sér stað. Þetta veldur óvissu um uppgjör vegna ársins 2018.

Málefna svið 21: Háskólastig

Stjórn Eyþings lýsir yfir ánægju með áherslur ríkisstjórnarinnar um að færa framlög per nemanda nær því sem þekkist innan OECD. Ef til endurskoðunar á fjármálaáætluninni kæmi þætti stjórn Eyþings óáskilegt að horfið yrði frá þessum áherslum með því að skerða fjárframlög til háskólamenntunar.

Reynslan hefur leitt í ljós að umsóknum um háskólanám fjölga þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu. Ástæðan er lægri fómorkostnaðar vegna minni yfirvinnu auk þess sem fólk vill gera sig samkeppnisfærara í atvinnulífinu með því að afla sér eftirsóttar menntunar. Stjórn Eyþings telur óæskilegt að á sama tíma yrði þrengt enn frekar að möguleikum HA til að taka við fleiri nemendum.

Háskólinn á Akureyri er með fleiri ársnemendum en mennta- og menningarmálaráðuneytið greiðir fyrir samkvæmt fjárlögum. Afleiðingarnar eru mikið álag á starfsfólk auk þess sem svigrúm í rekstri til að takast á við óvænt áföll er ekkert. Svigrúmið er nú þegar svo lítið að minniháttar áföll, eins og aukin veikindatíðni t.d. vegna aukins álags, geta verið nóg til að setja rekstur skólans í vanda.

Stjórn Eyþings telur mikilvægt að standa vörð um þjóðhagslega mikilvægar greinar eins og hjúkrunarfræði og kennaramenntun. Í hjúkrunarfræði hefur til að mynda skapast sá flöskuháls að starfsfólk heilbrigðiskerfisins er undir svo miklu álagi að það treystir sér ekki til að taka við fleiri nemendum í klínískt nám innan sinna heilbrigðisstofnana. Stjórn Eyþings telur brýnt að Háskólanum á Akureyri verði gert kleift að taka meira af klínísku námi inn í háskólann með því að koma upp færnisetri þar sem nemendur fá hluta af sinni verklegu kennslu með aðstoð bæði tæknilegs búnaðar og leikara í hlutverki sjúklinga. Þessu fylgir mikill aukalegur kostnaður en þegar fram líða stundir yrði námið betra og markvissara.

Forsvarsmenn Háskólans á Akureyri telja sig hafa mætt skilningi fjárveitingavaldsins til að aðstoða við meiriháttar áföll utan kjarnastarfsemi eins og viðgerðir á húsum sem voru orðin mettuð af heilsuspillandi mygluflóru. Vel er þekkt að stofnanir forgangsraða fjármagni til kjarnastarfsemi og fyrirbyggjandi viðhald fasteigna er því oft ábótavant þegar opinberar stofnanir reka sjálfar sitt húsnæði. Í samræmi við Lög um opinber fjármál er gert ráð fyrir að húsnæði HA verði hluti af eignasafni Ríkiseigna og háskólinn leigi húsnæðið af þeim. Sú er þegar orðin raunin með mikinn fjölda opinberra stofnana ríkisins. Mikilvægt er að gengið verði frá leigu- og viðhaldssamningum sem fyrst þó þannig að hvorki verði þrengt að fjárhagsramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins né Háskólans á Akureyri við að innleiða þessar tímabæru breytingar.

Málefna svið 23: Sjúkrahúspjónusta

Stjórn Eyþings lýsir yfir ánægju með fjármagn til byggingar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Í fjármálaáætlunardrögum er gert ráð fyrir alls 1,5 ma.kr. í þær framkvæmdir árin 2023 og 2024. Legudeildarbygging er ekki aðeins mikilvæg sjúklinganna vegna heldur er hún nauðsynleg til að geta boðið starfsfólki vinnuástöðu sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í dag og hjálpar til við að lada að starfsfólk og halda í það.

Í fjármálaáætlunardrögum er gert ráð fyrir að til rekstrar sjúkrahúspjónustu verði raunaukning framlaga um 9,5% á tímabilinu. Í ljósi þróunar á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri undanfarin ár hefur stjórn Eyþings áhyggjur af því að fjármagnið nægi ekki til að mæta þeim áskorunum og tækifærum sem framundan eru. Má þar nefna breytingar á aldursmáttöku íbúa, langvinna sjúkdóma, tækni- og lyfjaþróun, upplýsingatækni og mönnun starfsmanna.

Stjórn Eyþings telur jákvætt að umfjöllun um mannaðsmál ríkisins og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sé með ákveðnari hætti í nýjum fjármálaáætlunardrögum en áður hefur verið. Mikilvægt er að fylgja eftir sértækum aðgerðum sem miða að því að bæta mönnun og efla möguleika fagfólks til vísindastarfa. Þá skiptir áframhald á biðlistaaðgerðum, einkum gerviliðaaðgerðum, starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri miklu máli.

Málefna svið 24: Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Stjórn Eyþings lýsir yfir verulegum áhyggjum með starfsemi heilsugæslunnar á Akureyri. Húsnæðið er óásættanlegt, erfitt er að manna stöður, biðlistar eru langir og rafræn þjónusta skammt á veg komin. Niðurstaða stefnumörkunar HSN felst í því að núverandi húsnæði skuli vera selt og tvær nýjar heilsugæslustöðvar verði reista í bænum. HSN hefur nú þegar óskað eftir samstarfi við stjórnvöld um byggingu nýrra stöðva.

Í fjármálaáætlunardrögum er gert ráð fyrir þarfagreiningu og áætlanagerð vegna heilsugæslustöðvar á Akureyri á árunum 2020-2022. Samkvæmt upplýsingum Eyþings er þarfagreiningin nú þegar á lokametrunum og því ekki ástæða til að teygja loppann með því að ætla hana næstu þrjú árin, nú þarf einfaldlega að framkvæma. Horft hefur verið til leiguleiðar í bænum sem er skárri en ekkert, en auðvitað væri eðlilegast að ráðast nú þegar í framkvæmdir, útboð og auglýsingar, enda þörfin brýn.

Stjórn vekur athygli á því að ólíkt umfjöllum um heilsugæslustöðina á Akureyri stendur einfaldlega „Ný heilsugæslustöð í Mosfellsbæ 2020-2021“ í fjármálaáætlunardrögum og telur stjórn eðlilegt að slíkt hið sama eigi við um Akureyri. Þá leggur stjórn þunga áherslu á mikilvægi þess að heilsugæsla standi ekki völtum fótum, enda er það í hrópandi ósamræmi við alla stefnumörkun ríkisins og má ætla að slíkt hafi áhrif á íbúabróun á svæðinu.

Kulnun og langtímaveikindi hafa mikil áhrif á starf og fjárhagsstöðu sveitarfélaga, auk þess sem þau hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir einstaklinga. Heilsugæslan þarf að vera öflugur fyrsti staður fyrir einstaklinga þannig að hægt sé að nálgast veikindin áður en þau verða óafturkræf með tilheyrandi vanlíðan og kostnaði.

Þá telur stjórn Eyþings mikilvægt að sveitarfélög og ríki vinni enn nánar og markvissar að málum er varða geðheilbrigði ungs fólks og að gráum svæðum í þeirri þjónustu verði útrýmt. Mikilvægt er að markvisst samstarf sé milli aðila hvort sem þeir eru reknir af ríki eða sveitarfélagi, t.d. leik- og grunnskóla, velferðarþjónustu, heilsugæslu og Sak.

Stjórn Eyþings harmar viðvarandi fjárskort í rekstur hjúkrunarheimila og telur að ríkisstjórnin verði að taka ákvörðun um hvort hún ætli sér að auka fjárveitingu til dvalarrýma, fækka rýmum eða skerða þjónustu með því að draga úr kröfum.

Málefna svið 29: Fjölskyldumál

Stjórn Eyþings tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fagnar lengingu fæðingarorlofs í áföngum úr níu mánuðum í tólf frá 2020. Í kjölfar þessara aðgerða sér stjórn samt sem áður fram á aukinn kostnað sveitarfélaga þar sem þau verða að öllum líkindum krafín um að tryggja börnum dagvist á leikskóla frá tólf mánaða aldri. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög eigi öflugt samstarf í að leysa framtíðaraskoranir við að brúa bilið.

Virðingarfyllst,

f.h. Eyþings

Helga María Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri

Hilda Jana Gísladóttir
Stjórnarformaður